



## Viðmiðunarreglur um starfsaldursviðurkenningar og kveðjur við starfslok

Hafnarfjarðarbær veitir starfsfólki viðurkenningu þegar það hefur náð 15 ára og 25 ára starfsaldri og kveðju við starfslok eftir 10 ára starf og eftir 15 ára starf.

Við mat á starfsaldri er miðað við samanlagðan árafjölda sem starfsmaður hefur verið við störf hjá bænum. Launalaust leyfi eða sá tími sem líður frá því að starfsmaður lætur af störfum hjá bænum og þangað til hann hefur starf að nýju telst ekki með.

### Starfsafmæli

Í lok árs eru teknar saman upplýsingar um starfsfólk sem á 15 ára og 25 ára starfsafmæli á næsta fjárhagsári, sem mannauðsstjóri ber undir sviðsstjóra hverju sinni til staðfestingar.

Á 15 ára starfsafmæli efnir deild eða stofnun til kaffisamsætis fyrir þá starfsmenn sem eiga starfsafmæli það árið eða viðburðurinn er felldur inn í aðra skipulagða dagskrá hjá stofnunni, eftir því sem við á. Ef fleiri en einn starfsmaður hjá sömu stofnun á 15 ára starfsafmæli skal hafa sameiginlegt kaffisamsæti fyrir þá. Umfangið skal miðast við samstarfsfólk innan stofnunar og annað náðið samstarfsfólk hjá bænum.

Sem þakklætisvott fyrir 15 ára starf hjá Hafnarfjarðarbæ er starfsmanni gefinn bók, handverk, listmunur eða annað sambærilegt sem næsti stjórnandi viðkomandi velur og miðast fjárhæð gjafar við 15 þúsund krónur. Auk þess er starfsmanni afhentur blómvöndur.

Einu sinni á ári, að vori til, efnir bæjarstjóri til sameiginlegs kaffisamsætis fyrir þá sem hafa náð 25 ára starfsaldri. Eru þá veittar viðurkenningar, auk blómavandar og gjafar. Bæjarstjóri boðar til kaffisamsætisins þar sem samstarfsmönnum innan stofnunar, yfirstjórnendum bæjarins og öðrum samstarfsmönnum hjá bænum er boðið.

Sem þakklætisvott fyrir störf hjá Hafnarfjarðarbæ í 25 ár er starfsmanninum gefið gjafabréf hjá bankastofnun fyrir allt að 50 þúsund krónum. Þar að auki er starfsmanninum afhent viðurkenningarskjal og blómvöndur.

### Starfslok

Viðmiðunarreglan er að starfsmenn séu kvaddir, þeim sé þakkað fyrir störf á vegum sveitarfélagsins og þeir kvaddir af stjórnanda og samstarfsfólki.

Miðað er við að haldið sé kaffiboð þegar starfsmaður lætur af störfum. Hver stjórnandi leggur mat á umfang kveðjubóðsins, en kostnaði skal stillt í hóf og taka ber mið af fjárheimildum.

Við starfslok eftir 10 ára starf hjá bænum skal auk kaffisamsætis afhenda starfsmanni blómvönd, viðurkenningarskjal og tækifærisgjöf að vali yfirmanns að upphæð 10 þúsund krónum.

Við starfslok eftir 15 ára starf hjá bænum skal auk kaffisamsætis afhenda starfsmanni blómvönd, viðurkenningarskjal og tækifærisgjöf að vali yfirmanns að upphæð 25 þúsund krónum.



### **Stórafmæli**

Meginreglan er að Hafnarfjarðarbær gefur starfsfólki ekki gjafir á afmælum eða vegna merkisatburða og áfanga í lífi starfsfólks.

### **Verðlag**

Allar fjárhæðir í þessum reglum skulu taka breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitöluna 432,8 (þá vísitölu sem verður þegar reglur verða samþykktar) þannig að fjárhæðir verði hækkaðar eða lækkaðar í næstu heilu þúsund krónur.

Ekki er heimilt að gefa gjafir umfram það sem tilgreint er í þessum viðmiðunarreglum.

Reglurnar taka gildi 1. janúar 2016.